


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri Uppeldisaðstæður - verkefnaáfangi (UPP 303) Námsáætlun vorönn 2016	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06.2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 3		

Nafn kennara:	Hrafnhildur S. Sigurgeirsdóttir	Sk.stöfun:	HRS
----------------------	---------------------------------	-------------------	-----

Kynntar verða helstu rannsóknaraðferðir og rannsóknarferli sem viðhöfð eru í uppeldis- og menntunarfræðum. Nemendur eiga að öðlast færni í að vinna sjálfstætt undir leiðsögn kennara. Þeir vinna eitt stórt rannsóknarverkefni og hafa nokkuð frjálssar hendur um val á viðfangsefni. Viðfangsefnin verða þó að varða uppeldisaðstæður barna og unglínga á einhvern hátt en þau geta verið af ýmsum toga t.d. nýjungar í námi og kennslu, barnaefni í fjöldmiðlum og efni fyrir unglínga, ofbeldi og vanræksla í fjölskyldum, börn með fõtlun og ýmiskonar áhættuhegðun barna og unglínga. Einnig geta nemendur dýpkað skilning sinn á efnispáttum sem hafa verið til umfjöllunar í fyrri uppeldisfræðiáföngum. Mikilvægt er að nemendur sýni frumkvæði í vali á viðfangsefnum.


Í þessum áfanga er hægt að hafa samvinnu við nemendur í öðrum skólum á Íslandi eða erlendis. Nemendahópar geta haft samvinnu við verkefnaval, skipst á gögnum og borið saman aðstæður barna í ólíkum löndum, t.d. með notkun upplýsingatækni.

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Markmiðum og mikilvægi tímaramma
- Megindlegum og eigindlegum rannsóknaraðferðum
- Hvað það er sem hefur áhrif á val á rannsóknaraðferð
- Notkun og öflun á heimildum
- Sértekum hugtökum og mikilvægi þeirra
- Leyfum sem nauðsynleg eru

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Nýta sér fræðilegan texta á gagnrýninn hátt
- Beitað viðeigandi rannsóknaraðferð á margvísleg viðfangsefni
- Skipuleggja sig á raunhæfan hátt

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06.2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 3		
Uppeldisaðstæður - verkefnaáfangi (UPP 303) Námsáætlun vorönn 2016		

- Tengja saman rannsóknarniðurstöður og kenningar
- Miðla fræðilegu efni í ræðu og riti
- Vinna úr spurningalistum eða viðtölum
- Sýna ekki svipbrigði, fordóma eða hlutdrægni í rannsóknarferlinu

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:


- Sýnt frumkvæði um val á viðfangsefni og afmarkað það
- Réttar notkunar á heimildum, heimildaöflunar og heimildaskráningu
- Leggja mat á hvaða rannsóknaraðferðir henta best við margvíslegar aðstæður og á mismunandi rannsóknarefni
- Vinna á ábyrgan og traustan hátt úr þeim upplýsingum sem nemandinn aflar
- Geta unnið sjálfstætt og skipulagt tíma sinn
- Geta sett fram þekkingu sína í ræðu og riti og rökstutt
- Meta eign vinnuframlag og frammistöðu sem og annarra á gagnrýninn hátt

Námsgögn

Allt það efni sem nemendur geta nýtt í verkefnavinnuna hvort sem er úr bókum, tímaritum, dagblöðum eða af netinu svo og niðurstöður eigin rannsókna.

Áætlun um yfirferð

1. Lota: Kynntar verða helstu rannsóknaraðferðir í uppeldis og menntunarfræðum.
2. Lota: Kynnt verður rannsóknarferli í félagsvísindum.
3. Lota: Farið verður í mikilvægi áreiðanlegra heimilda, trúverðugleiki skoðaður og skráning þeirra. Heimsótt verða bókasöfn á Akureyri og starfsemi þeirra kynnt.
4. Lota: Nemendur velja sér viðfangsefni, afla gagna og skila kennara skipulagi fyrir verkefnavinnuna.
5. Lota: Nemendur vinna að völdu viðfangsefni.
6. Lota: Nemendur undirbúa kynningu, grein og vörn fyrir ráðstefnu.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06.2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 3 af 3		
Uppeldisaðstæður - verkefnaáfangi (UPP 303) Námsáætlun vorönn 2016		

Verkefni

Nemendur vinna eitt stórt verkefni. Þetta verkefni er hópavinna. Í upphafi þurfa nemendur að skila inn hugmynd að vinnuskipulagi hópsins. Hálfsmánaðarlega þurfa nemendur svo að gera grein fyrir vinnu síðustu tveggja vikna og hvernig það samræmist upphaflegu skipulagi. Þetta er gert í tímum þannig að kennari og samnemendur geti spurt og aðstoðað eftir atvikum. Þegar rannsókn og verkefni er lokið þarf að undirbúa kynningu, grein og vörn fyrir ráðstefnu.

Námsmat og vægi námsþátta í verkefni

Val á viðfangsefni og skipulag	10%
Fræðileg umfjöllun	10%
Heimildaskráning	10%
Málfar og stafsetning	10%
Spurningalisti, leyfi og úrvinnsla	20% eða ígildi spurningalista.
Uppsetning og frágangur	10%
Kynning og vörn	20%
Birting niðurstaðna á vef	10%

Lagt fram með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf á önninni.

Dagsetning: 4 jan '16


Undirritun kennara

4/1 '16 Þorsteinn Krüger
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils